



---

## MINNISBLAÐ

---

**HÖFUNDUR:** HILDIGUNNUR HAFSTEINSDÓTTIR, LÖGFRÆÐINGUR SSH

**EFNI:** BREYTING Á REGLUM OG GJALDSKRÁ VEGNA AKSTURSPJÓNUSTU FATLAÐS FÓLKS

**DAGS:** 24. APRÍL 2024

---

**Tillaga stjórnar akstursþjónustunnar Pant að breytingum á reglum um sameiginlega akstursþjónustu við fatlað fólk á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 og breytingum á gjaldskrá þjónustunnar.**

Forsaga málsins er sú að kvartað var til Umboðsmanns Alþingis (UA) yfir úrskurði úrskurðarnefndar velferðarmála um að heimilt væri að hafna notanda akstursþjónustunnar um kaup á tímabilskort. Niðurstaða álit UA í máli nr. 11617/2022 var sú að ekki væri heimilt að synja umsókn viðkomandi aðila um tímabilskort vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks í ljósi þess að gjaldskrá sveitarfélagsins gerði ekki ráð fyrir slíkum kortum eða annars konar magnafslætti.

*Umboðsmaður benti á að um lögbundna þjónustu væri að ræða en fyrir slíka þjónustu gætu stjórnvöld ekki innheimt gjald án heimildar í lögum. Gjaldskrá Reykjavíkurborgar fyrir akstursþjónustu fatlaðs fólks hefði ekki tryggt með fullnægjandi hætti að gjald fyrir þjónustuna væri sambærilegt gjaldi fyrir almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu. Ljóst væri að lögbundin akstursþjónusta fyrir fatlað fólk sé í ýmsu tilliti annars eðlis en þjónusta sem felst í almenningsamgöngum, m.a. þegar litið er til kostnaðar og aðgengileika en löggjafinn hefði engu að síður tekið sérstaka afstöðu til gjaldtöku fyrir þess þjónstu. Ekki væri nægjanlegt að gjald væri miðað við gjaldskrá almenningsamganga ef það leiddi til þess að fatlað fólk þyrfti að greiða töluvert hærra gjald en aðrir til að komast leiðar sinnar. Ekki væri möguleiki á að kaupa tímabilskort eða nálgast annars konar magnafslátt eins og heimilt er í almenningsamgöngum að undanskildum nemakortum.*

Þrátt fyrir að álit UA varði aðeins kvörtun notanda í Reykjavík má ætla að hið sama eigi við annars staðar. Hefur stjórn akstursþjónustunnar Pant því haft málið til skoðunar ásamt velferðarsviðum hlutaðeigandi sveitarfélaga. Málið var þá kynnt stjórn SSH á 575. og 576. fundum hennar og á 576. fundi voru jafnframt lagðar fram tillögur að breytingum á reglum um sameiginlega akstursþjónustu og að breytingum á gjaldskrá.

Samkvæmt sameiginlegum reglum um akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu nr. 645/2020 hefur verið tekið hærra gjald fyrir þær ferðir sem hafa verið pantaðar með skömmum fyrirvara hjá Pant akstursþjónustu til að tryggja hagkvæmni og betri nýtingu bíla. Stjórn Pant leggur til að þetta hærra gjald verði afnumið en jafnframt að ekki verði tryggt að hægt verði að koma til móts við óskir um ferðir sem séu pantaðar samdægurs. Eins er ósamræmi í reglum um börn á grunnskólaaldri 12 ára og eldri en ekki hefur verið innheimt gjald fyrir frístundaakstur af hálfu Pant, þrátt fyrir að þjónustan sé gjaldskyld fyrir börn á sama aldri í almenningsamgöngum. Stjórn Pant leggur til að innheimt verði gjald fyrir þessa þjónustu hjá Pant.

### **Eftirfarandi er lagt til af hálfu stjórnar Pant:**

1. Að sameiginlegum reglum um sameiginlega akstursþjónustu fyrir fatlað fólk á höfuborgarsvæðinu nr. 645/2020 verði breytt svo þær samrýmist ofangreindu og gjaldskrárbreytingum til samræmis við niðurstöðu UA.
2. Að gjaldskrá vegna akstursþjónustu fatlaðs fólks verði breytt svo að stakt fargjald verði hið sama og stakt fjargjald fyrir öryrkja hjá Strætó – óháð því hvort um sé að ræða langan eða skamman fyrirvara á pöntun ferðar, þ.e. nú 189 kr.
3. Að boðið verði upp á tímabilskort (áskort) fyrir þá notendur sem það kjósa og skuli verð miðast við verðskrá fyrir öryrkja hjá Strætó, þ.e. nú 31.200 kr.
4. Að akstur fatlaðra leikskólabarna verði gjaldfrjáls.
5. Að akstur barna 6-11 ára verði áfram gjaldfrjáls.
6. Að fötluð börn 12-17 ára muni eiga kost á að greiða gjald sambærilegt öryrkjagjaldi fyrir þær ferðir sem falla utan skólaaksturs, þ.e. 189 kr. vegna stakrar ferðar en 31.200 kr. vegna tímabilskorts.
7. Að nemakort fatlaðra nemenda í framhalds- og háskólum verði sambærilegt áskorti öryrkja, þ.e. nú 31.200 kr.

Nánari tölulega framsetningu tillagna að gjaldskrá ásamt umfjöllun um áhrif breytinga á henni á tekjur sveitarfélaganna er að finna í tillögum stjórnar akstursþjónustunnar Pant.

Einnig er lagt til að samhliða framangreindum breytingum verði sett af stað vinna við að skoða rétt notenda akstursþjónustu til endurgreiðslu greiddra fargjalda í gildistíð eldri gjaldskráa.

Framangreindar tillögur eru nú sendar þeim sveitarfélögum sem eru aðilar að Pant til efnislegrar umræðu og afgreiðslu. Verði breytingar á reglunum samþykktar til samræmis við tillögur stjórnar Pant er farið fram á umboð framkvæmdastjóra sveitarfélagsins til undirritunar nýrra sameiginlegra reglna að teknu tilliti til tillagðra breytinga. Það er þá í höndum hvers sveitarfélags fyrir sig að uppfæra gjaldskrár til samræmis.

HH